

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚNÍ 2017



6. tbl. 20. árg.

GERÐU EINFALT
ENN
EINFALDARA!
Borgaðu fyrirfram um leið og þú pantar með appi eða á netinu.

DORMO APP WWW.DORMO.IS

24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



Nokkur viðburður er jafnan í skólalífinu í grunnskólum þegar nemendur útskrifast úr sjöunda bekk. Í áttunda bekk hefst svonefnt unglingastig. Myndin er frá útskrift sjöundu bekkinga í Vesturbæjarskóla. Sjá frétt um vorhátíð Vesturbæjarskóla á bls. 10.

Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367
Erum á Óðinsgötu 1

STÚDENTAKJALLARINN

OPIÐ FYRIR ALLA Í ALLT SUMAR

MATUR OG DRYKKIR Á SANNGJÖRNU VERÐI.
HAPPY HOUR ALLA DAGA KL. 16 - 19, LAUGARDAGA TIL KL. 21.
BRUNCH ALLAR HELGAR KL. 11 - 14.

HELLO? is it BEER YOU'RE LOOKING FOR?

STÚDENTAKJALLARINN
VEITINGA- OG SKEMMTISTADUR

Háskólatorg
Sæmundargötu 4
studentakjallarin.is



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nú grillum við



Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

Svínakjötstilboð!

Úrbeinaður hnakki, kótelettur og lundir

- helgina 22.-25. júní - meðan birgðir endast

Berjadagar

m.a. íslensk jarðarber á 20% afslætti



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

6. tbl. 20. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Innbygging og almenningssamgöngur – útbygging og einkabíll

Næstum víst er að bygginga- og samgöngumál munu setja svip á borgarstjórnarkosningar sem fram eiga að fara næsta vor. Stjórn-málamenn virðist farnir að setja sig í nokkrar stellingar þótt en sé tími til kosninga og ekkert víst um hvaða eða hversu mörg framboð muni koma fram.

Að öllum líkindum mun verða deilt um árangur af metnaðar-fullri áætlun núverandi borgarstjórnenda um þéttingu byggðar í borginni og hvort hann hafi orðið sá sem til var ætlast. Spurt verður hvar eigi að byggja í farmtíðinni og hvort nauðsynlegt verði að leggja áherslu á úthverfastefnuna á nýjan leik – finna ný byggingarlönd í borgarlandinu. Þau eru þó ekki ótakmörkuð á nesi umluknu sjó á þrjá vegu og fjöllum á hinu fjórða. Ef til vill verður að finna bygginga-svæði lengra utan núverandi byggðar en áður hefur orðið.

Að undanfögnu hefur sókn eftir búsetu á vestur- og miðborgar-svæðinu aukist. Margt fólk kys að búa í nánd við vinnustað og eyða sem minnstum tíma í daglegar ferðir á milli heimilis og vinnu. Miðborgarsamfélagið dregur fólk einnig til sín – ekki síst á tímum þegar fólki fjölgar sem kys að búa eitt eða í öðrum tengslum en hinu hefðbundna fjölskyldumynstri sem kenna má við pabba, mömmu börn og bíl.

Borgarstjórnarkosningarnar munu einnig snúast um samgöngumál enda tengjast þau byggðamynstrinu náð. Mikil einkabílavæðing fór af stað eftir lausn viðamikilla gjaldeyrishafta í byrjun sjöunda áratugar liðinnar aldar og fylgdi úthverfastefnunni fast á eftir. Þetta kallaði og kallar stöðugt eftir nýjum umferðarmannvirkjum. Í dag virðist nokkur hugarfarsbreyting vera að eiga sér stað. Margt fólk telur að draga megi úr notkun einkabílsins og nýta sér umhverfis-vænni samgöngumáta á borð við litla rafknúna bíla, almenningssa-mgöngur og reiðhjól. Það kallar einnig á umferðarmannvirki en með nokkuð öðru sniði.

Innbygging og úthverabygging munu takast á. Einkabíll mun takast á við almenningssamgöngur. Á eftir koma hin mýkri mál – skólamál og félagsleg þjónusta við þá sem hennar þarfnast.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Íbúðir, hótél, veitingastaðir og verslanir á Héðinsreit

Hugmyndir eru um íbúðir, hótél og lifandi jarðhæðir með verslunum og veitinga-stöðum á Héðinsreit vestast í Vesturbænum. Aðeins er þó um hugmyndaþróun að ræða og er ekki búið að leggja fram skipulagstillögu.

Það er Hollenska arkitektastofan Ivantspijker hefur unnið þessar hugmyndir um Héðins-reitinn og voru þær sýndar á opnum fundi Reykjavíkurborgar á dögunum þar sem farið var yfir uppbyggingu innviða og atvinnu-húsnæðis í borginni. Héðinsreit-ur skiptist í tvo hluta, Seljaveg 2 og Vesturgötu 64. Reiturinn er í eigu tveggja aðila og hollenska arkitektastofan vinnur fyrir þá sem eiga auðu lóðina sem snýr í átt að Granda, þ.e. Vesturgötu 64. Annar hópur vinnur að þróun Seljavegs 2 þar sem Loftkastalinn var eitt sinn.

Héðinsreitur eins og hann lítur út í dag. Ljósmynd/ Sigurður Ólafur Sigurðsson.



Hugmyndir hollensku arkitektastofunnar Ivantspijker um hvernig Héðinsreitirinn gæti litið út séð frá Fiskislóð.



Breytingar í Ellingsenhúsinu

Fleiri fyrirtæki munu flytja í húsið

Nú standa miklar breytingar yfir í Ellingsenhúsinu í Örfirisey. Húsið hefur hýst verslun Ellingsen um árabíl en nú er áformað að auka nýtingu þess verulega og að fá fleiri fyrirtæki og rekstraraðila þangað.

Þessa dagana er unnið við að setja milligölf í húsið og skipta því í tvær hæðir en mikil lofthæð hefur einkennt verslunarrými þar. Gert er ráð fyrir að Sjúkraþjálfun Reykjavíkur sem verið hefur í Héðinhúsinu en þarf að víkja þaðan þar sem ákveðið hefur verið að breyta því í hótél verði á efri hæð Ellingsenhússins og hugsanlega veitingastaður þótt það sé enn ekki að fullu frá gengið. Verslun Ellingsen verður áfram á jarðhæðinni og einnig er



ákveðið að apótek Lyf og heilsu sem er staðsett í JL húsinu við Hringbraut flytji þangað og svo mun gæludýraverslun vera

einnig í húsinu. Gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði lokið í október og nýir aðilar flytji þá í húsið.

Malbikað í Vesturbænum



Suðurgata vestan Hringbrautar, Skothúsvegur, Lækjargata og Birkimelur eru á meðal þeirra gatna sem áformað er að malbika í sumar. Alls verða malbikaðir 243 þúsund fermetrar á götum borgarinnar, eða um 32 kílómetrar, um fjórtán kílómetrum lengri vega-lengd en á síðasta ári. Um 28.041 tonn af malbiki mun fara á götur borgarinnar þetta árið. Á meðfylgjandi korti má sjá fyrirhugaðar framkvæmdir ársins. Umfangsmestu framkvæmdirnar í tonnum af malbiki talið verða við Hvassaleiti og í Safamýri.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

Vesturbæingar



Þarf maður bílpróf á sjálfkeyrandi bíl?

OPÍÐ TIL KL 21:00 ÖLL KVÖLD

TAKK!

**ÞÖKKUM FRÁBÆRAR
MÓTTÖKUR Í SMÁRALIND**



NAUTASALAT XO

**LÍKLEGA BESTI HOLLI
SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI**



FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU & SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS
571-3888



XO GINGER SALAT



SATAY KYÜKLINGUR



Verðum að gera hverfin sjálfbærari

- segir Halldór Halldórsson borgarfulltrúi

Halldór Halldórsson borgarfulltrúi og oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Halldór hefur setið í borgarstjórn Reykjavíkurborgar frá síðustu borgarstjórnarkosningum. Hann hefur mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum. Var bæjarstjóri á Ísafirði um árabíl og hefur einnig sinnt formennsku í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2006 eða í rúman áratug. Halldór var inntur eftir sinni sýn á málefni Reykjavíkurborgar.

Talið barst fyrst að útsvarinu og því hvort hægt væri að ná lækkun þess fram með breyttum áherslum í rekstri án þess að draga úr þeirri þjónustu sem borgin veitir íbúunum. Halldór segir að hægt sé að ná þessu í áföngum og með bættem rekstri en gæta þess að grunnþjónustan verði áfram góð og betri en hún er í dag. “En til þess þarf breytt hugarfar. Ekki hugarfar vinstri flokkanna sem telja að innheimta verði helst hverja krónu sem skattfé.”

Vantar 1.400 íbúðir til ársins 2030

Þéttingarstefna núverandi borgarstjórnarmeirihuta hefur verið nokkuð umdeild og minnihlutinn gagnrýnt hana m.a. út frá íbúðaskorti í borginni. Halldór segir að Sjálfstæðisflokkurinn vilji endurskoðun á núgildandi aðalskipulagi Reykjavíkur til að ná betra jafnvægi í þéttingu byggðar og nýrra byggingarsvæða. “Þéttingarstefnan gengur út í öfgar hjá meirihlutanum með þeim afleiðingum að fólk fær ekki þak yfir höfuðið á sér. Það vantar fimm þúsund íbúðir í dag og mun vanta 1.400 á ári til ársins 2030 hið minnsta miðað við spár. Það á að blanda þessum leiðum saman. Þetta byggð og byggja í Úlfarsárdal og í framtíðinni í Geldinganesi um leið og Sundabrautin verður lögð.”

Blönduð starfsemi fyrirtækja og íbúða í Örfirisey

Snúum okkur þá að Vesturbænum þar sem margvíslegar breytingar og endurbætur hafa átt sér stað á umliðnum árum – bæði með fram sjávarsíðunni, við höfnina og annars staðar. Höfum við e.t.v. farið of hratt í þessar breytingar eða er þörf að taka meira á í þessum efnum. Halldór segir að vernda þurfi gömlu höfnina í Reykjavík svo þar verði áfram grunnstarfsemin sem höfnin byggðist upphaflega á. “Hafnar-svæðið er orðið enn litríkara og skemmtilegra en áður og það má gera breytingar til að nýta það enn betur t.d. hluta af Örfirisey fyrir blandaða starfsemi fyrirtækja og íbúðar. Um þetta erum við ekki sammála í meirihluta annars vegar og svo við í Sjálfstæðisflokknum. Grunnforsenda er alltaf í mínum huga að hlúa að atvinnulífinu þarna, hafnsækinni starfsemi hvort sem það er fiskvinnsla, slippurinn eða annað.” Og þá berst talið að olíubirgðastöðinni. Hvort hún sé eitthvað sem þurfi að vera í Örfirisey um langa framtíð. “Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum lagt fram tillögur varðandi olíubirgðastöðina í Örfirisey og það nýjasta var upprifjun á stöðu málsins núna í maí. Búið er að rýna staðarvalið vandlega og koma nokkrar lausnir til greina þó engin þeirra sé góð. Það þarf að dæla eldsneyti frá skipi í olíubirgðastöðina og eðli málsins samkvæmt þarf svo að aka eldsneytinu út um allt. Það var bókað 17. nóvember 2016 í borgarráði að næst þegar aðalskipulag Reykjavíkur verður endurskoðað að þá verði stuðst við skýrslu VSÓ um staðarval olíubirgðastöðvar og að stuðst verði við niðurstöður rýnis á staðarvali olíubirgðastöðvar.” Halldór segir hugsanlega hægt að leggja olíuleiðslur eins og erlendis en eldsneytisflutningur í stokki eða jarðgöngum séu mjög hættulegar annarri umferð. “Það eru til lausnir



Halldór Halldórsson borgarfulltrúi.

en þær eru kostnaðarsamar. En olíubirgðastöðin hlýtur að víkja á endanum úr Örfirisey.”

Ekki hægt að þrengja meira að Hringbrautinni

Umferðarvandinn er sífellt umhugsunar- og umræðuefni í Vesturbænum sem annars staðar. Fólksfjölgun kallar á fleiri farartæki og umferðarmannvirki. Hringbrautin hefur miklu hlutverki að gegna í samgöngumálum en skapar líka samgönguerfiðleika einkum gangandi fólks á milli bæjarhluta í Vesturbænum auk umferðarhávaða og mengunar. Halldór segir ekki hægt að þrengja meira að umferð um Hringbrautinni en orðið er. Hringbrautin er vitanlega seinfarin enda mörg ljós og sökum hávaða og mengunar þarf að halda umferðarhraða niðri því fjöldi gangandi vegfarenda fer þarna á milli. Ekki síst börn.

Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum lagt til að göngubrú eða brýr verði byggðar þarna yfir til að auka öryggi gangandi vegfarenda og bæta flæði umferðar sem dregur úr mengun um leið því bílar sem eru stopp á ljósum menga auðvitað mikið.

Nýir samgöngumöguleikar

Rafbílar til einkanota eru komnir á markað og spurning um hvenær sjálfkeyrandi bílar koma inn í umferðina. Er hugsanlegt að þau ökutæki komi til með að leysa eitthvað af vaxandi umferðarvanda. “Rafbílum mun fjölga,” segir Halldór. “Við þurfum að gera miklu betur í því að byggja upp innviði fyrir þá með því að setja upp hleðslustaura sem víðast í borginni. Þar getur fólk hlaðið með eigin hleðslutæki og svo þarf líka að fjölga hraðhleðslustöðvum. Víðast býr fólk í fjölbýli og það

Hringbrautin er vitanlega seinfarin enda mörg ljós og sökum hávaða og mengunar þarf að halda umferðarhraða niðri því fjöldi gangandi vegfarenda fer þarna á milli. Ekki síst börn. Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum lagt til að göngubrú eða brýr verði byggðar þarna yfir til að auka öryggi gangandi vegfarenda og bæta flæði umferðar sem dregur úr mengun um leið því bílar sem eru stopp á ljósum menga auðvitað mikið.

þarf að gera þeim íbúum kleift að eiga rafbíla eins og öðrum. Sjálfkeyrandi bílar eru tæknileg staðreynd sem verið er að prófa víða um heim. Enn er nokkuð í land varðandi lagaumhverfi, siðferðilegar spurningar eins og hvaða ákvarðanir “bíllinn” á að taka þegar það stefnir í umferðarslys o.s.frv. Ég hef setið ráðstefnur um þetta og það er ljóst að það er mjög mismunandi hvað þeir sem reyna að rýna í framtíðina hvað þetta varðar sjá þar. Enginn veit þetta auðvitað því vandi er að



Husqvarna

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



spá. En mér heyrir margir telja að sjálfkeyrandi bílar verði á ákveðnum akreinum, jafnvel sjálfkeyrandi strætóar á næstu 5 til 10 árum og svo muni tæknin skera úr um hvort sjálfkeyrandi bílar muni ná um allan heim með tíð og tíma.”

Verðum að gera hverfin sjálfbærari

“Það yrði reyndar ansi mikil umferð sem því tengist,” heldur Halldór áfram. Hann segir flesta sem hann hafi hlustað á telja að þetta verði blanda aðferða. “Ég segi bara að við skulum passa okkur að fjárfesta ekki í lausnum sem verða úreltar daginn sem þær eru teknar í notkun. Ef meirihlutinn í Reykjavík er í alvöru að hugsa um að byggja hér lestarlínur þá stefnir í offjárfestingu sem þau ætla sér að fjármagna með því að fara enn dýpra í vasa skattborgaranna. Það munum við ekki samþykkja. Högum okkur af skynsemi.” Halldór segir að efla megi almenningssamgöngur með því að fjölga ferðum strætó – auka tíðnina. “Það á að vera val fólks hvort það vill nota strætó, ganga, hjóla eða nota einkabílinn. Ljóst er að flestir velja einkabílinn og þannig verður það áfram. Við þurfum líka að gera hverfin sjálfbærari. Stuðla að því að fleiri geti sótt vinnu innan síns hverfis sem og alla helstu þjónustu. Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum lagt til að Miklubraut verði lögð í stokk sem og Geirsgata þar sem allt er uppgrafið núna. Meirihlutinn felldi ekki tillöguna um Miklubraut en felldu umsvifalaust tillöguna um Geirsgötu. Hvers vegna skil ég reyndar ekki.” Halldór segist telja að vegna örra breytinga í samgöngumálum sé líklegt að borgarlína sem lestarfyrirbæri verði úrelt áður en hún væri tekin í notkun. “Sjálfkeyrandi bílar taka við einhverju



Oliúbryggjan við Örfirisey. “Það eru til lausnir en þær eru kostnaðarsamar. En oliubirgðastöðin hlýtur að víkja á endanum úr Örfirisey,” segir Halldór Halldórsson borgarfulltrúi.

af almenningssamgöngum. Við vitum ekki hversu miklu. Þá er spurningin hvernig almenningssamgöngur verða að öðru leyti. Líklega strætó á ákveðnum línunum eins og í dag og svo sjálfkeyrandi bílar sem veita betri þjónustu. Ná í fólk heim til sín.”

Vatnsmýrin er flugvallarsvæði

Mikið er rætt um Vatnsmýrina og sýnist sitt hverjum. Sumir líta á þetta sem flugvallarsvæði til langrar framtíðar á meðan aðrir vilja nýta þetta svæði fyrir atvinnu- og mannlíf. Halldór segir Vatnsmýrina vera flugvallarsvæði og það sé ekki að fara að breytast enda hafi ríkið ekki neinn annan stað fyrir þetta mikilvæga samgöngumannvirki. “Það er léleg höfuðborg sem vill ekki tengjast restinni af landinu í gegnum samgöngur en núverandi

meirihluti í Reykjavík og líka sá fyrri virðist ekki vilja neitt af höfuðborgarhlutverkinu vita eða sinna. Það er ómurleg staðreynd.”

Forðast einsleitni í hótélbyggingum

Þá komum við að hótelvæðingunni ef orða má stórfelldar hótélbyggingar með þeim hætti. Kemur ekki að því að takmarka verður hótélstarfsemi innan um íbúðabyggð. “Það er kvóti í Kvosinni og Grjótaþorpi um 23% hlutfall megi vera hótél og gistihús. Hver talan á að vera er erfitt að segja til um en við þurfum að forðast einsleitni í þessum málum sem öðrum. Þess vegna munu hótélbyggingar færast austar í borgina. Það á þó eftir að byggja mjög stórt hótél í nágrenni Hörpu og einnig við Lækjargötuna þar sem gamla lðnaðarbankahúsið (Íslandsbanki síðast) stendur.”

Aukinn sveigjanleiki í skólastarfi

Skólamálin eru stór þátt-ur í rekstri Reykjavíkurborgar eins og allra sveitarfélaga. Hver eru næstu stóru verkefni á sviði skólamála. Halldór segir fræðslustarfið sjálft og árangur þess það sem sé mikilvægast. “Stefna okkar í skólamálum byggir á því að allir nemendur hafi aðgang að námi sem hentar hverjum og einum. Hagsmunir nemenda séu ávallt miðpunktur stefnumörkun-ar og framkvæmda. Við viljum færa áherslu frá miðstýringu í átt að auknu sjálfstæði og sveigjanleika í skólastarfi og að fé fylgi barni í námi.” Halldór segir að um leið og þetta er sagt sé ljóst að það þurfi að sinna betur viðhaldi skólahúsnæðis og bæta aðstöðu kennara og nemenda í mörgum skólum þar sem þetta hefur verið vanrækt. “Við þurfum líka að fara í

aðgerðir vegna kennaranna sjálfra og fyrirsjáanlegs kennaraskorts því það er enginn skóli án kennara frekar en nemenda. Álag á kennara hefur aukist skv. könnunum og viðtölum við kennara. Við þessu þarf að bregðast í samstarfi við kennarana sjálfa. Stefnumótun er góð og gild en það eru aðgerðir sem skipta mestu máli. Í þær viljum við fara.” Halldór segir einnig að þegar íþróttamálin ber á góma að oft getur verið fær leið að semja við íþróttafélögin sjálf. “Þau geta náð hagstæðar samningum og þau geta líka rekið íþróttamannvirkin með hagkvæmum hætti.

Þurfum að fjárfesta í velferðartækni

Velferðarmálin eru jafnan í sikti og þá vaknar spurning um hvar kreppi helst að í Reykjavík. Í húsnæðismálum, í heilbrigðismálum eða í afkomuöryggi. Hvað getur Reykjavíkurborg gert til þess að lyfta undir með fólki að þessu leyti. “Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum talað fyrir því að fjárfesta í velferðartækni til að hægt sé að veita fleirum betri þjónustu, ekki síst eldri borgurum sem vilja gjarnan vera lengur heima hjá sér. Það gerist lítið í þeim málum af hálfu meirihlutans, reyndar ekkert. Og það vantar fleiri hjúkrunarrými í borginni. Ég hef lagt fram fyrirspurnir um hvað borgin sé að gera í þeim málum í samstarfi við ríkið en það er fátt um svör fyrir utan það sem er fram undan á Sléttuveginum. En þörfin er meiri en svo. Húsnæðismálin eru í mikilli kreppu. Þegar kosið var til borgarstjórnar árið 2014 voru um 400 manns á biðlista eftir félagslegu húsnæði en nú nálgast það að var 1.000 manns. Meirihlutinn er með allt niður um sig í þessum málum,” segir Halldór Halldórsson.

Sumar á Óðinsgötu 1

BESTA NÆRINGIN Í SUMAR?

Súrdeigssamlukur, þeytingar, kaffi, grautar, croissant, te, kökur og margt, margt fleira úr allra besta hráefninu.

FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar sumar!

Innanlands sem utan.

VERÐ: 16.400 kr.

MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfruð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.

SUMARILMURINN 2017

ALLÉGRESSE heldur okkur vakandi í allt sumar. Lífrænt vottað af Ecocert. 6 tegundir dr Bach ilma fást í Systrasamlaginu.

JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífræn, notaleg, falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 11 - 17.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Guðrún Helgadóttir rithöfundur og borgarlistamaður ásamt Elsu Hrafnhildi Yeoman formanni menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar.

Guðrún Helgadóttir rithöfundur og fyrrum alþingismaður er borgarlistamaður Reykjavíkur 2017. Útnefningin er heiðursviðurkenning til listamanns sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi.

Guðrún gaf út sína fyrstu bók, Jón Odd og Jón Bjarna, árið 1974 og hefur upp frá því verið einn vinsælasti og virtasti barnabókahöfundur Íslands. Guðrún hefur sent frá sér 25 bækur sem þúsundir íslenskra barna hafa alist upp við og notið auk leikhandrita, kvikmynda og sjónvarpsþátta. Verk hennar hafa verið þýdd á fjölmörg tungumál í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Bækur Guðrúnar hafa hlotið góða dóma heima og erlendis þar sem menn hafa skipað henni á bekk með barnabókahöfundum á borð við Astrid Lindgren og Thorbjörn Egner. Af mörgum vinsælum verkum Guðrúnar auk þrileiksins um Jón Odd og Jón Bjarna má nefna Ástarsögu úr fjöllum, Pál Vilhjálmsson, Í afahúsi, leikritið Óvitar, þrileikinn Sitji guðs englar, Saman í hring og Sænginni yfir minni, Undir Illgresinu, Litlu greyin, þrileikinn Ekkert að þakka!, Ekkert að marka! og Aldrei að vital, Núna heitir hann bara Pétur, Velkominn heim Hannibal Hallsson og Englaþól.

Helsti styrkur Guðrúnar sem rithöfundar felst að mati gagnrýnenda í þeirri virðingu sem hún ber fyrir börnum jafnframt því að geta séð spaugilegar hliðar á flestum málum. Bækur hennar bera alltaf með sér góðan boðskap og réttur og staða þeirra sem minna mega sín eru henni hjartfólgin. Guðrún er enn að skrifa fyrir börn á öllum aldri og því er fjársjóður okkar alltaf að stækka. Árið 2005 kom út safn greina um verk Guðrúnar Helgadóttur eftir ýmsa fræðimenn undir heitinu Í Guðrúnarhúsi.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ
SÖLU FASTEIGNA

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533
david@fastborg.is

A portrait of Davíð Ólafsson, a man with short brown hair and glasses, wearing a dark suit and a white shirt. He is smiling at the camera.

FRÍTT SÖLUVERÐMAT

Úthlutað úr nýjum Miðborgarsjóði

Sérstakur Miðborgarsjóður Reykjavíkurborgar hefur verið settur á stofn og verður úthlutað úr honum í fyrsta sinn nú í sumar. Opnað hefur verið fyrir umsóknir um styrki úr sjóðnum og er umsóknarfrestur til og með 5. júlí.

Gert er ráð fyrir að úthlutað verði allt að 30 milljónum króna árlega til verkefna sem eiga að efla miðborgina. Verkefni Miðborgarsjóðs er að stuðla að því að miðborgin sé og verði áhugaverður og aðlaðandi áfangastaður fyrir íbúa, gesti og hagsmunaaðila með því að auka fjölbreytni og hvetja til frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna. Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja verkefni sem eru í samræmi við þau leiðarljós sem má finna í stefnu um málefni miðborgar; heildstæð




Miðborgarsjóðnum er ætlað að styrkja verkefni sem efla miðborgina. Myndin er úr Austurstræti.

miðborg, miðborg allra, aðlaðandi miðborg, fjölbreytt miðborg og síðast en ekki síst, vel tengd og vistvæn miðborg.

Íbúðir og veitingastaður við Nýlendugötu

Sex til sjö íbúðir verða í nýju húsi sem sett verður upp innan tíðar á suðvesturhorni Nýlendugötu og Seljavegar. Byggingin verður tvær hæðir og ris, þar sem rishæðin brotnar upp í þrjú sjálfstæð form með halla upp á 40 til 45 gráður, með möguleika á kvistum sem sitja á milli þakforma, en vísa ekki út í götu.

Gert er ráð fyrir tveimur íbúðum á fyrstu hæð á horni Seljavegar og Nýlendugötu og við Nýlendugötu er gert ráð fyrir íbúð sem getur einnig verið vinnustofa eða þjónustustarfsemi sem gefur líf út á Seljaveg. Á annarri hæð eru fjórar- íbúðir, þrjár af þeim ganga upp á rishæð og fá þar þakgarða. Áhersla er á hagkvæmar og bjartar íbúðir þar sem unnið er með staðhætti, skjól, þakgarða og svalir. Áhersla er einnig lögð á hvata til vistvænnar búsetu í borginni. Unnið verður með



Líkan af nýbyggingum við Nýlendugötu.

vistvæn byggingarefni og uppbrot í formum til að samræmast eldri byggð, timbur í samspili við annað efni. Þá er gert ráð fyrir að veitingastaður muni opna á Mýrargötu 31 í haust en ekki er frá gengið um hverskonar stað verður um að ræða.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Arna

ís- og kaffibar

A photograph of a cup of Arna ice cream and a cup of coffee. The ice cream is in a white cup with a green logo and is topped with a cookie. The coffee is in a white cup. They are on a wooden table.

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.
Eiðistorgi 15 (þar sem Blómastofan var áður)
facebook.com/arnaisogkaffi



* Gulir blettir af völdum sólarvarna nást betur úr, í samanburði við fyrri formúlu.

Sextíu ára afmæli á Fornhaga

- fyrri og núverandi íbúar efndu til hátíðar

Íbúar hússins númer 11 til 17 við Fornhaga efndu til hátíðar á dögunum til að minnast þess að sextíu ár eru liðin síðan byggingu hússins lauk. Fjöldi manns kom á hátíðina – um 70 talsins og í hópnum voru bæði núverandi íbúar og gamlir íbúar.

Pétur Ármannsson arkitekt hélt tölu og fræddi gesti um blokkina og uppbyggingu hverfisins. Byggingu hússins lauk 1957 en arkitekt var Ágúst Steingrímsson en það var það Byggingsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana (BSSR) sem stóð að byggingu hússins. Kristín Mjöll Jakobsdóttir og Hallfríður Ólafsdóttir spiluðu á fagott og flautu ofan af svölum og Gísli Helgason fyrrum íbúi ávarpaði samkomuna. Þá tóku viðstaddir lagið í kraftmiklum fjöldasöng. Hugmyndin að samkomunni snerist einkum um að fá tækifæri til hittast og deila minningum. Sumir gamlir íbúar nánast klökknuðu þegar þeir hittust að sögn sjónarvotta.

En gaman og sérstakt var fyrir íbúa sem búa og bjuggu í sömu íbúðinni að spjalla saman. Formaður húsfélagsins er Hallfríður Þórarinsdóttir.



Fólk safnaðist samna á lóðinni við Fornhagann.



Núverandi og fyrrverandi íbúar hittust – sumir í fyrsta skipti.



Spjallað saman í veðurblíðunni.



Hallfríður Þórarinsdóttir formaður Húsfélagsins og Pétur Ármannsson arkitekt spjalla saman.

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opíð alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113

**Frábært úrval af vegan réttum
og eitthvað fyrir alla.**

Verið velkomin í Bike Cave 😊



Myndin er birt með góðfúslegu leyfi frá Veganistum

HÓTEL Í HJARTA BÆJARINS



**HAFDU ÞAD
EXTRA GOTT**
Gerðu vel við
þig og gistu í
glæsilegu
nýuppgerðu
svitunni okkar.



DRAUMAFERÐ GOLFARANS

Tveir golfhringir og gisting á Hótel Vestmanneyjar
m/morgunmat og aðgangi að heitum pottum og sauna
Verð: kr. 19.000,- pr mann miðað við 2 í deluxe herbergi.

þar sem
hjartað
slær



HOTEL
VESTMANNAEYJAR

S. 481 2900 | booking@hotelvestmannaeyjar.is



ÍFRAM ÍSLAND



ÍSOLTAR MED SÚKKULADI-, VANILLU- EDA JARÐARBERJABRAGÐI.
EKKI HIKA. LÁTTU VAÐA Á ÞANN SEM ÞÉR ÞYKIR BESTUR!

Vorhátíð í Vesturbæjarskóla



Hátíðin byrjaði með skrúðgöngu um hverfið.

Vorhátíð Vesturbæjarskóla var haldin 20. maí sl. á lóð skólans í blíðskapar veðri. Hátíðin byrjaði með skrúðgöngu um hverfið þar sem félagar úr Lúðrasveit verkalýðsins léku undir í göngunni.

Eftir skrúðgönguna sýndu fjöllistamenn frá Sirkus Íslands listir sínar við góðar undirtektir viðstaddra. Það er hefð fyrir því að sjötti bekkur í Vesturbæjarskóla sjái um kaffisölu og stóðu nemendurnir sig mjög vel. Margvíslegar kræsingar voru í boði, kökur, kaffi, snúðar, samlokur og fleira sem krakkarnir höfðu bakað. Einnig seldu krakkarnir Candýfloss og buðu upp á andlitsmálningu.

Mikil ánægja með starfsfólk félagsmiðstöðvanna

Um 80% foreldra ánægðir með starfið

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar sendu öllum foreldrum barna og unglunga í 5. til 10. bekk spurningakönnun um viðhorf þeirra til félagsmiðstöðvanna. Á sama tíma var unglingunum líka send könnun, um svipuð atriði en þó á örlítið annan hátt. Niðurstöðurnar verða svo nýttar til að gera úrbætur á því sem betur má fara, en forstöðumenn félagsmiðstöðvanna gera aðgerðaráætlun fyrir starfsárið 2017 til 2018.

Niðurstöðurnar sýna að tæplega 80% foreldra eru ánægðir með starfsemi og starfsfólk félagsmiðstöðvanna á meðan rúm 20% segjast hlutlausir. Ánægja með upplýsingagjöf félagsmiðstöðvanna er með því hæsta sem sést hefur, 85% foreldrar segjast ánægðir með hana. Foreldrar voru einnig spurðir hvernig þeir myndu vilja fá upplýsingarnar frá félagsmiðstöðinni. Lang flestir vildu fá þær sendar á netfang, næstflestir í gegnum foreldrahóp á Facebook. Nánast ekkert foreldri vildi upplýsingarnar í gegnum Snapchat eða Instagram.

Mjög mikil ánægja með starfsfólkið

Unglingarnir eru enn ánægðari með félagsmiðstöðvarnar sínar en foreldrar þeirra, ef marka má niðurstöðu könnunarinnar sem lögð var fyrir unglunga. Sérstök ánægja er þó með starfsfólk félagsmiðstöðvanna en 83% unglunga eru mjög ánægðir með það og 13% ánægðir, því má segja að 96% unglunga í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum séu ánægðir með starfsfólk félagsmiðstöðvanna. Rúmlega 90% unglunganna er sömuleiðis ánægðir með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar.

Fastagestir ekki einir um að svara

Sumir velta því mögulega fyrir



Kveikjum eld kveikjum eld kátt hann brennur sungu skátarnir einu sinni. Hér hefur starfsfólk og þátttakendur í félagsstarfi Tjarnarinnar tendrað bálið.

sér hvort að þeir unglingar sem svöruðu séu ekki bara fastagestirnir og því sé könnunin ómarktæk. Þrátt fyrir að almenn þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi sé með hæsta móti hjá Tjörninni, þá segjast aðeins 20% svarenda mæta alltaf (oftar en 2x í viku) og tæplega helmingurinn segist mæta sjaldan eða stundum (ekki í hverri viku). Aðspurðir segja 40% unglunganna að þeir myndu mæta oftari í félagsmiðstöðina ef það væri ekki svona mikið að gera hjá sér og 30% myndu mæta oftari ef æfingarnar væru ekki alltaf á sama tíma.

Plaggatið lifir

Íhaldssamir og þeir sem óttast að allt gamalt og gott sé að glatast hjá æsku landsins, ættu að gleðjast yfir því að flestir unglingar vita hvað er að gerast í félagsmiðstöðinni af auglýsingum sem hengdar eru upp á veggjum skólans. Sömuleiðis vilja 70% unglunga fá auglýsingar upp á vegg skólans. Þrátt fyrir alla samfélagsmiðlana þá lifa gömlu góðu plaggötin greinilega góðu lífi.

Má segja að niðurstaða kannanna, bæði hjá foreldrum og unglungum, gefi sterkar vísbendingar um að starfið sem fram fer í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum sé afburða gott og langflestir séu sáttir.



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

Sumarlestur og fjölskyldustundir á safninu í sumar

Það verður notaleg stemming í Grófinni og Sólheimum á fimmtudögum á safninu í sumar.

Í Grófinni verða fjölskyldustundir alla fimmtudaga en í Sólheimum annan hvern fimmtudag.

Allir velkomnir!



Við minnum svo á sumarlesturinn sem stendur yfir í allt sumar.

www.borgarbokasafn.is | borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

Fylgstu með okkur á

HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333



Minjastofnun
Íslands



Borgarsögusafn
Reykjavíkur
Reykjavík City Museum



ÍÐAN
fræðslusetur

Minnst hjálmanotkun í Vesturbænum

- aðeins 77% með hjálma en yfir 90% víðast hvar

Minnst notkun reiðhjóláhjálmanna er í Vesturbænum eða nokkru minni en meðaltal frá öðrum byggðum. Þetta kemur fram í könnun VÍS en félagið hefur síðustu sex ár gert könnun á hjálmanotkun hjólréiðamanna, á sama tíma og Hjólað í vinnuna átakið hefur staðið yfir.

Töluverð breyting hefur orðið á hjálmanotkun hjólréiðafólks á þessum sex árum. Í ár var hjálmanotkun könnuð hjá 1.304 einstaklingum og voru 89% þeirra með hjálm. Það hlutfall var einungis 74% fyrir sex árum. Öll árin hafa kannanirnar verið gerðar á fjórum mismunandi stöðum; Í Vesturbænum, á gatnamótum Miklubrautar og Krinlumýrarbrautar, í Fossvoginum og við Geldinganesið eða 94%, en minnst í Vesturbænum eða 77%. Hjálmanotkun er einnig



Búin að setja hjálminn á sig og tilbúin að hjóla af stað.

hjálmmanotkunin minni. Í ár var hún mest við Geldinganesið eða 94%, en minnst í Vesturbænum eða 77%. Hjálmanotkun er einnig

betri á öllum stöðum á morgnana, að meðaltali 92% á móti 84% seinni partinn.



Slysvarnarhúsið á Grandagarði. Ætlunin er að rífa bláu viðbygginguna. Opna inni húsið í það rými sem eitt sinn var notað sem geymslustaður fyrir björgunarbáta og byggja trébryggju fyrir framan húsið.

Miklar breytingar á Slysavarnarhúsinu

Nýr veitingastaður verður opnaður í Slysavarnarhúsinu á Grandagarði ef hugmyndir um breytingar sem nú er unnið að verða að veruleika. Borgarráð samþykkti á fundi sínum nýverið að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi þess

efnis að gera megi timburbryggju fyrr framan húsið auk flotbryggju sem Slysavarnafélagið Landsbjörg myndi hafa afnot af.

Slysavarnarhúsið var reist eftir teikningum Gísla Halldórssonar arkitekts á árunum 1958 til 1959 og fellur því ekki undir lög um menningarminjar. Húsinu var breytt nokkuð undir síðustu aldamót. Meðal annars var stórum dyrum á suðurgafli þess lokað en þær höfðu verið notaðar til þess að hafa björgunarbáta inn í húsið. Í hinum nýju hugmyndum er gert ráð fyrir að opna húsgaflinn að nýju og koma þar fyrir timburbryggju. Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að í tillögum Trípólí arkitekta sem hannað hafa umræddar breytingar séu dregin fram mikilvæg sérkenni sem settu svip á húsið í upphafi og breytingar hannaðar af tillitsemi við byggingarstíl hússins. Í hugmyndum er gert ráð fyrir að veitingarými verði á tveimur hæðum hússins og mun tveggja hæða rýmið sem í upphafi var geymslustaður fyrir björgunarbáta verða nýtt fyrir veitingareksturinn.

Styrkir úr Miðborgarsjóði

Ertu með hugmynd?



Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna sem efla miðborgina.

Markmið styrkveitinga er að efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga og hvetja til frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna.

Sérstök áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem eru í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgarinnar.

Heildarfjárhæð styrkja fyrir 2017 eru kr. 30.000.000

Umsóknarfrestur er til og með **5. júlí** og sótt er um rafrænt á heimasíðu sjóðsins. Þar má einnig finna nánari upplýsingar um úthlutunarreglur og stefnu borgarinnar í miðborgarmálum.

reykjavik.is/midborgarsjodur



www.facebook.com/midborgrvk

reykjavik.is



Landsbanka- húsinu ekki breytt í hótél



Landsbankahúsið við Austurstræti. Ekki er gert ráð fyrir að því verði breytt í hótél þegar bankinn flytur í nýjar höfuðstöðvar.

Húsi Landsbankans við Austurstræti verður ekki breytt í hótél þegar að bankinn flytur í nýjar höfuðstöðvar sínar við Austurhöfn að sögn Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra. Borgin sé búin að setja hótélkvóta á alla Kvosina þannig að búið sé girða fyrir það að þarna verði hótél.

Á síðasta ári kom upp hugmynd um að Listaháskóli Íslands myndi flytja í húsnaðið í Austurstræti þegar að bankinn færi þaðan. Dagur segir að það gæti enn verið möguleiki. Hugmyndin sé spennandi og áhugaverð en ekki sé ljóst hvaða fyrirætlanir séu í gangi á vegum bankans enda góður tími til stefnu.

Tímabundin lokun vegna framkvæmda



Vegna framkvæmda verður Bókasafn Seltjarnarness lokað frá 24. júní til 7. ágúst.

Safngestum er vinsamlega bent á þjónustu útibúa Borgarbókasafnsins og Bókasafns Mosfellsbæjar þar sem bókasafnssafnkortið fyrir Seltjarnarnes gildir einnig. Viðskiptamenn safnsins eru hvattir til að víða að sér útlánsefni áður en safninu verður lokað. Af þessum sökum verður útlánstími bóka, sem fengnar eru að láni frá og með 15. maí, lengdur til samræmis við lokunina.

Bókasafnið opnar að nýju þriðjudaginn 8. ágúst. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem lokunin kann að hafa í för með sér.

Halldór Kr. Júlíusson sálfræðingur skrifar

Gistiskýlið í Reykjavík

Í öllum borgum er þörf á neyðarskýli fyrir fólk sem af mismunandi ástæðum er heimilislaust og á hvergi höfði sínu að halla. Í frétt í dagblaði í október 1969 er sagt frá því að Félagsmálaráð Reykjavíkur hafi samþykkt að húsnæði á 1. hæð Þinghóltsstrætis 25 verði tekið í notkun sem gistiskýli fyrir heimilislauða áfengissjúklinga. Gistiskýlið tók síðan til starfa í húsinu síðar á því ári. Húsið, sem er timburhús og byggt sem spítali 1884, gekk daglega undir nafninu Farsóttarhúsið eða bara Farsótt. Starfsemi Gistiskýlisins var starfrækt þar í 45 ár eða þangað til hún var flutt í nýtt húsnæði á Lindargötu í október 2014.

Fljótlega varð starfsemi Gisti-skýlisins í Farsóttarhúsinu umfangsmeiri. Á fimm ára starfs-afmæli skýlisins var opnunartíminn lengdur, frá 19:30 í stað 22:00, og dagstofa tekin í notkun þar sem gestir skýlisins gátu verið á daginn. Við það tækifæri var þess getið að reksturinn hefði gengið mjög vel og komið að miklum notum.

Um 20% gesta nýttu um 70% gistinátta

Jafnframt lengdum opnunartíma fjölgaði næturgestum og gátu allt að 20 gist í skýlinu samtímis. Árið 1976 gistu alls 151 gestur í Gistiskýlinu. Af þeim voru 22 utan-bæjarmenn. Ekki er getið um að neinn gestur hafi verið útlendingur. Gistinætur voru 3963 þannig að tæplega 11 gestir gistu á nóttu að meðaltali. Notkun gestanna var mjög misjöfn. Þrír gestir gistu yfir 300 nætur. Tuttugu prósent gesta nýttu yfir 70% allra gistinátta.

Starfsemi Gistiskýlisins virðist ekki hafa tekið miklum breytingum á næstu árum og fjölgun gesta er hæg. Árið 2007 er heildarfjöldi gistinátta 4597 og árið 2012 er hún 5977. Eftir það fjölgar gestum hratt

og umræða fer að stað um að Gisti-skýlið sé of lítið og að þörf sé á nýrri og betri aðstöðu.



Gistiskýlið er í þessu húsi við Lindargötu.

Staða utangarðsfólks og forvarnir

Vorið 2014 samþykkti velferðar-ráð Stefnu í málefnum utangarðs-fólks 2014 - til 2018. Í stefnunni er lögð áhersla á forvarnir, kort-lagningu á stöðu utangarðsfólks og greiningu þjónustubarfa hópsins m.a. hvað varðar húsnæði. Auk þess er áhersla lögð á samstarf við ríki og sveitarfélög á höfuðborgar-svæðinu. Einn þáttur í þjónustu utangarðsfólks er rekstur neyðar-skýlis, - bæði fyrir konur og karla. Neyðarskýli fyrir konur er í Konukoti og er rekstur þess í höndum Rauða kossins. Neyðar-skýli fyrir karla er í Gistiskýlinu.

Skömmu eftir að starfsemi Gisti-skýlisins flutti, eða vorið 2015, tók Reykjavíkurborg við rekstri þess, en reksturinn hafði áður verið í höndum Samhjálpur. Á sama ári stofnaði velferðarsvið Reykjavíkur Vettvangs- og ráðgjafateymi sem veitir utangarðsfólki á vettvangi ráðgjöf og stuðning. VR-teymið, sem hefur aðsetur í Gistiskýlinu.

Útlendingar stór hluti gesta

Árið 2016 voru næturgistinar samtals 10436 eða tæplega 29 gestir á sólarhring. Heildarfjöldi



Halldór Kr. Júlíusson


gesta var 195. Sem fyrr er nýting mjög misjöfn og nota um 17% gesta 70% allra gistinátta. Athyglisvert er að útlendingar eru nú stór hluti gesta, eða 68 af 195 gestum. Árið 2016 notuðu útlendingar-nir 4834 (46,6%) gistinætur á móti 5527 (53,4%) nóttum sem Íslendingar notuðu.

Haustið 2016 var stofnað til sam-starfs við pólsk samtök, BARKA, sem vinna að því að aðstoða heimilislauða pólverja erlendis. Á fyrstu fimm mánuðum 2017 fluttu sex heimilislausir Pólverjar til baka til Póllands á vegum samstarfs við BARKA.

Mikil breyting á síðasta ári

Mikil breyting hefur orðið á notkun og samsetningu gesta í Gistiskýlinu á s.l. ári. Gert var ráð fyrir að allt að 30 gestir gætu gist þar í einu. Ásókn að skýlinu var mikil og fór iðulega yfir þau mörk. Þá var hlutfall útlendinga meðal gesta mjög hátt en árið 2016 nýttu þeir um helming allra gisti-plássna. Frekari skoðun á notkun Gisti-skýlisins sýndi að hluti gesta, bæði innlendra og erlendra, höfðu dvalið nær stöðugt og yfir lengri tíma á Gistiskýlinu. Í september 2016 var ákveðið að takmarka gestafjölda við 25 á nóttu jafnframt því að áhersla var lögð á að koma gestum sem þess þurfa í sértæka búsetu. Frá þeim tíma hefur ásókn í skýlið stöðugt farið minnkandi, sérstak-lega meðal útlendinga. Í maí 2017 var fjórðungur gesta útlendingar og meðalfjöldi gesta um 20 á nóttu.

Gert er ráð fyrir að þær breytingar sem nú standa yfir haldi áfram og að hluti þeirra sem nú gista Gistiskýlið fái stöðþjónustu í viðeigandi húsnæði. Gistiskýlið verður hins vegar áfram hluti af þjónustu borgarinnar fyrir utan-garðsfólks í hlutverki neyðarskýlis.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn: **581 3300 & 896 8242**

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

Gröndalshús var opnað á þjóðhátíðardaginn

Gröndalshús var opnað almenningi á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní. Húsið hefur verið gert upp og verður það rekið sem menningarhús í Grjótaþorpinu í minningu Benedikts Gröndals skálds og fræðimanns.

Húsið sem stóð upprunalega við Vesturgötu 16a stendur nú á horni Fishersunds og Mjóstrætis. Benedikt bjó í húsinu, ásamt dóttur sinni Helgu og tveimur vinnukonum í húsinu um tveggja áratuga skeið eða þar til hann lést árið 1907. Þar vann hann sín helstu verk eins og Dýraríki Íslands og Fuglabókina. Einnig er talið að Benedikt hafi skrifað sjálfævisögu sína Dægradvöl í húsinu og ritgerðina Reykjavík um aldarmótin 1900. Í risi hússins verður vinnuðstaða fyrir rit-höfunda, fræðimenn og þýðendur og í kjallaranum er skáldaíbúð þar sem Bókmenntaborgin Reykjavík mun bjóða erlendum listamönnum að dvelja til skemmri tíma til að kynnst íslenskri menningu, landi og þjóð.

Gröndalshús á sér yfir 130 ára sögu. Árið 1881 byggði Sigurður Jónsson járnsmiður sér nýtt hús úr timbri sem barst til Íslands með gríðarstóru skipi sem rak mannlaust um hafið og strandaði í Höfnum. Sigurður bjó í húsinu og hafði þar járnsmiðju sína til 1888 en þá eignaðist það



Tekið var mið af upprunalegu útliti hússins og byggingarstil við endurgerð þess.

Benedikt Gröndal og eftir það var húsið kennt við hann. Húsið var oft kallað Púltið, Skrínan eða Skattholið vegna hins sérkennilega byggingarlags, en það er tvílyft að framan og einlyft að aftan.

Benedikt breytti járnsmiðjunni í stofu og bjó í húsinu til dauðadags árið 1907. Reykjavíkurborg keypti húsið 2004 til varðveislu vegna menningarsögu-legs gildis þess.

PC og Apple

tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Séra Hjálmar kveður



Séra Hjálmar Jónsson fyrir altari í kveðjumessunni.

Séra Hjálmar Jónsson sem verið hefur dómkirkjuprestur síða 2001 eða um sextán ára skeið lét af störfum á liðnu voru og flutti kveðjumessu sína sunnudaginn 28. maí sl.

Dómkórinn söng við athöfnina undir stjórn Kára Þormar dómorganista. Systurnar Herdís og Ingibjörg Ragnheiður Linnet léku á trompet. Ragnhildur Gísladóttir og Margrét Hannesdóttir sungu einsöng. Karlakór Reykjavíkur söng undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar og einsöngvari með kórnum var Árni Geir Sigurbjörnsson. Marinó Þorsteinsson flutti ávarp formanns sóknarnefndar. Eftir messu var samvera og veitingar í Safnaðarheimilinu, Lækjargötu 14a. Þá má geta annars viðburðar í Dómkirkjunni það var gleðidagur í Dómkirkjunni skömmu áður þar sem Guðni Ágústsson fyrrverandi ráðherra flutti hugleiðingu og séra Hjálmar bjónaði fyrir altari.



Guðni Ágústsson gengur til sætis eftir að hafa flutt hugleiðingu sína í Dómkirkjunni.

Topplausnir

www.Topplausnir.is - S: 5177718

Verktakar-iðnaðarmenn og dugnaðarfolk kerrurnar frá Humbaur eru tilbúna til afgreiðslu. Áratuga reynsla af þessum sterku álkerrum á Íslandi.

Teg:1376.
750kg. mál: 205x131cm
verð: 169.355 kr. án vsk.
Opnanlegur fram og afturgafi.

Teg: 1374.
750kg. mál: 251x131cm
verð: 201.613 kr. án vsk.
Opnanlegur fram og afturgafi.

Teg:1380.
750kg. mál: 201x102cm
verð: 112.823 kr. án vsk

Teg:1384.
750kg. mál: 251x131cm
verð: 229.839 kr. án vsk
Sturtanleg.

Teg:1380.
2500kg. mál: 303x151cm
verð: 399.194 kr. án vsk.
Með skráningu.
opnanlegur fram og afturgafi.

Verð að hafa vandvirknina í fyrirrúmi

- segir Karl Karlsson vélstjóri sem smíðað hefur fjölda skipslíkana

Karl Karlsson vélstjóri lætur ekki deigan síga. Þegar hann hætti störfum við vélstjórn og vélgæslu fyrir 15 árum hóf hann að smíða skipslíkön og hefur nú smíðað fleiri tugi líkana. “Ég smíða þau ekki alveg frá grunni heldur panta módel sem ég vinn svo áfram með. Nú er ég að mestu leyti farinn að skoða módel á netinu þar sem ég get pantað það sem ég hef áhuga á.” Karl hefur að mestu unnið með frönsk og bresk módel og sýndi komumanni mynd af einu slíku sem hann hyggst panta frá Bretlandi og hefja síðan smíði á. “Ég hef unnið mest með frönsku módelin. Þau eru alveg úr tré en þau bresku eru stundum að hluta úr plasti sem mér finnst ekki eins gaman að fást við þótt ég geri það öðru hvoru.”

En hvað kom til að Karl eða Kalli eins og hann og oftast kall- aður af vinum og vandamönnum fór að fást við þessar smíðar. “Ég hætti að vinna 2003 þegar ég var 67 ára. Ég vildi vera hættur áður en ég yrði sjötugur en vissi líka að ég yrði að vera búinn að finna mér eitthvert viðfangsefni. Ég varð að hafa eitthvað að gera



Karl Karlsson með nokkur þeirra skipslíkana sem hann hefur smíðað.

og datt þá ofan á þetta.” Karl starfaði í 15 ár sem vélstjóri á hvalveiðiskipunum. Hann segist hafa hætt á fullri vertíð en nokkrum árum síðar hafi hvalveiðum verið hætt. Hann starfaði síðan um aldarfjórðungsskeið hjá Orkuveitu Reykjavíkur eða þar til að hann ákvað að láta af störfum og snúa sér að hobbíinu. “Ég ákvað

bara að breyta borðstofunni í vinnuherbergi og nota borðstofu- borðið fyrir vinnuborð,” segir Karl þar sem hann hefur komið nokkrum skipslíkönum sem hann hefur smíðar fyrir. Stærst þeirra er líkan af Smith Rotterdam – stóru dráttarskipi sem var notað til þess að flytja olíuborpalla á vinnslusvæði. Fjöldi líkananna vekur athygli og Karl segir ef til vill hafa verið of duglegur. “Eftir að ég varð ekkjumaður fór ég á fulla ferð í þessu og hef verið að síðan. En þetta snýst ekki bara um afköstin maður verður að hafa vandvirknina í fyrirrúmi,” segir Karl Karlsson vélstjóri og módelsmíður.



"Maður verður að vanda sig," segir Kalli og handbragðið leynir sér ekki.



Eitt af skipslíkönum Kalla tígulegt á hillunni.

Landsbankinn byggir við Austurhöfn

Bankaráð Landsbankans hefur ákveðið að byggja húsnæði fyrir starfsemi bankans við Austurhöfn í Reykjavík. Bankinn hefur skoðað ýmsa kosti í húsnæðismálum í samvinnu við KPMG og Mannvít verkfræðistofu og var niðurstaða greiningar KPMG að Austurhöfn væri ákjósanlegasti kosturinn.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Landsbankanum.

Í fréttatilkynningunni kemur fram að bankinn muni nýta um 10.000 fermetra í nýju húsi, um 60% af flatarmáli þess, en selja eða leigja frá sér um 6.500 fermetra sem munu nýtast fyrir verslun og aðra þjónustu. Bankinn muni fyrst og fremst nýta efri hæðir hússins þar sem fermetraverð er metið sambærilegt og á skrifstofuhúsnæði á öðrum góðum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Verðmætustu hlutar hússins á neðri hæðum verði að stærstum hluta seldir og umframrými á efri hæðum leigt út. Starfsemi bankans í miðborg Reykjavíkur fer fram í 13 húsum, að langstærstum hluta í leiguhúsnæði, og er húsnæðið bæði óhagkvæmt og óhentugt. Hröð tækniþróun og örar breytingar á fjármála- markaði krefjast nýrra vinnubragða og mun nánari samvinnu og sveigjanleika innan bankans. Það kallar á hentugra skrifstofuhúsnæði sem gerir slíka samvinnu mögulega. Bankaráð leggur áherslu á að byggja hagkvæmt hús sem mun falla vel að umhverfi sínu. Þessi ákvörðun bankaráðs er fyrsta skrefið og nú er undirbúningsvinna að hefjast fyrir alvöru.



Líkan af fyrirhuguðum framkvæm- dum vestan Hörpu. Líkanið sýnir hæðartakmarkanir og bygginga- magn en ekki útlínur húsa.



Ferðaskrifstofan sem breytir lífi þínu!

Mundo er öðruvísi ferðaskrifstofa. Innihaldsrikar ferðir fyrir fullorðna. Skiptinám og sumarbúðir fyrir unglinga.

Allar nánari upplýsingar: mundo.is.

MUNDO
www.mundo.is



Laugarnar í Reykjavík

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGAR Í SUMAR
NÁNAR Á ITR.IS

Fyrir líkana og sál

fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

frá morgni til kvölds



Sími: 411 5000 • www.itr.is

Allir sem einn - dagurinn í Frostaskjóli

Allir sem einn - dagurinn var haldinn hátíðlegur í Frostaskjóli laugardaginn 20. maí sl. Þjálfarar yngri flokka og leikmenn meistaraflokks buðu upp á knattþrautir á grasvellinum sem vakti mikla lukku. Inni í sal hélt Willum Þór, þjálfari meistaraflokks karla, erindi um mikilvægi liðsheildar og Valgeir Viðarsson sjúkráþjálfari talaði um fótþolameiðsli og fyrirbyggjandi aðgerðir.

KR-ingurinn Emmsjé Gauti kom og tók nokkur lög við mikinn fögnuð viðstaddra. Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari kvenna mætti í spjall ásamt Fanndisi og Rakel landsliðskonum og voru þau spurð spjörnum úr. Grillaðar voru 600 pylsur og allir fengu gjöf frá Alvogen. Dagurinn endaði síðan á því að öllum var boðið á leik meistaraflokks kvenna á móti Þór/KA. Barna- og unglingaráð KR færir Alvogen og Bazaar kærar þakkir fyrir stuðninginn og þakkar öllum sem mættu fyrir komuna á þessum frábæra degi.



Frá Allir sem einn deginum í íþróttahúsinu í Frostaskjóli og þar var mættur Emmsjé Gauti.



Willum Þór, þjálfari meistaraflokks karla, flutti erindi um mikilvægi liðsheildar.

Tíu KR-ingar í unglingalandsliðin í borðtennis

Tíu KR-ingar voru valdir í unglingalandsliðin í borðtennis sem fara á Norður-Evrópumót unglunga í Eistlandi og Evrópumeistaramót unglunga í Portúgal. Á Norður-Evrópumótið fara fimm lið í fjórum flokkum og eiga KR-ingar 10 af 16 leikmönnum.

Á Evrópumeistaramót unglunga í Portúgal verða eingöngu send drengjalið og þar munu þrír KR-ingar leika fyrir Íslands hönd. Norður-Evrópumót unglunga í Haapsalu, Eistlandi 26. til 28. júní. Kristján Viðar Haraldsson, unglingalandsliðsþjálfari og yfirþjálfari hjá KR fer á bæði mótin. Auk hans fara Skúli Gunnarsson og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, þjálfarar hjá KR á mótið í Eistlandi. Hannes Guðrúnarson, verður alþjóðadómari á mótinu í fyrsta skipti frá því að hann fékk réttindin á síðasta ári.



Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir og Lára Ívarsdóttir báðar úr KR ásamt Þóru Þórisdóttur sem var ein þeirra sem ekki gaf kost á sér í ferðina. Kristín og Lára eru meðal nýliða í unglingalandsliðinu.

Taka þátt í forkeppni FIBA

Stjórn körfuboltadeildar KR hefur tekið þá ákvörðun að taka þátt í forkeppni FIBA Europe Cup á hausti komanda. Fyrstu leikir verða heima og að heiman 27. september og 4. október, en dregið verður í riðla þann 4. júlí næstkomandi.

Félagsslið í körfubolta hefur ekki tekið þátt í Evrópukeppni síðan 2008 en þá léku KR-ingar á móti Banvit Tyrklandi. Þetta er stórt verkefni framundan og erum við KR-ingar full tilhlökkunar að takast á við það.



Sumarnámskeiðin í fótþolta í fullum gangi

Sumarnámskeið í fótþolta eru nú í fullum gangi hjá KR. Knattspyrnuskóli KR er starfræktur á íþróttasvæði félagsins, í Frostaskjóli 2. Þar er boðið upp á öruggt umhverfi og góða aðstöðu í hjarta Vesturbæjar.

Æfingar fara fram á nýju gervigrasi í KR. Ef illa viðrar þá verða æfingar færðar inn í íþróttahús félagsins. Skipt verður í hópa eftir aldri og þannig reynt að koma til

móts við þarfir hvers fyrir sig. Fyrsta námskeiðinu fer senn að ljúka en það hefur staðið frá 12. júní. Næsta námskeið verður frá 26. júní til 7. júlí. Þriðja námskeiðið er frá 10. júlí til 21. júlí og fjórða og síðasta námskeiðið verður frá 24. júlí til 4. ágúst. Hvert námskeið stendur frá kl. 9.00 til 12.00 alla virka daga og boðið er upp á gæslu á milli kl. 8.00 til 9.00 og kl. 12.00 til 14.00.



KR-SÍÐAN



Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

TUDOR **SKORRI** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Rauða Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola



STEINVARI



Útimálning fyrir íslenskt veðurfar

Steinvari er öflug varnarlína gegn íslensku veðri, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar í áratugi. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig í valinu á útimálningu.

Steinvari – íslensk varnarlína í útimálningu

málning
- sérfræðingar í útimálningu -

Útsöluaðilar Málningar: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • Litaver, Grensásvegi • BAUHAUS • Vélsmiðja Árna Jónssonar, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði
Vilhelm Guðbjartsson málarameisteri, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði
ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík